

Listasafn Íslands:

Sigurður Sigurðsson

— yfirlitssýning

Laugardaginn 21. mars 1987 kl. 15.00 opnar menntamálaráðherra Sverrir Hermannsson í Listasafni Íslands yfirlitssýningu á verkum Sigurðar Sigurðssonar listmálara. Sýningin spannar allan listferil hans allt frá skólaárum og þar til á þessu ári. Á sýningunni eru alls 98 verk, olíumyndir og pastelmýndir.

Sigurður Sigurðsson fæddist árið 1916 á Ísafirði, en fluttist síðar ásamt foreldrum sínum til Sauðárkróks. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1937. Síðan hélt hann utan til Kaupmannahafnar og innritaðist í Listakademiuna þar sem hann var við nám á stríðsárunum 1939—45. Er heim kom hóf Sigurður kennslu í Myndlista- og handiðaskólanum. Gegndi hann því starfi allt til ársins 1980 er hann lét af því fyrir aldurs sakir. Sigurður var í forystu fyrir myndlistarmenn um langt skeið og var m.a. formaður FÍM allt frá 1958—68.

Sigurður kom fram á sjónarsviðið á þeim tíma þegar formalisminn var að ryðja sér til rúms hér á landi og voru helstu vinir hans þar fremstir í flokki. Þrátt fyrir það hefur Sigurður alla tíð fyrst og fremst málað landið og hina margbreytilegu birtu þess. Þar hafði dvöl hans í Danmörku afgerandi áhrif á mótun verka hans. Í upphafi ferils síns málaði Sigurður einnig upp-

stillingar og hin síðari ár hefur hann verið fremstur íslenskra listamanna í gerð portrettmynda.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá með fjölda mynda. Í hana ritar Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur grein um Sigurð sem nefnist „Landslag í ljósi“ og birt er brot úr viðtali Hannesar Péturssonar við listamanninn úr bókinni **Steinar og sterkir litir** sem út kom 1965. Einnig hefur verið gefið út plakat í lit.

Fræðsla á vinnustöðum

Í framhaldi af fræðslu um eyðni (alnæmi) í skólum er nú ætlunin á vegum Landlæknisembættisins að ná til vinnandi stétta með hliðstæða fræðslu.

Meginmarkmið hennar eru:

1. Að stuðla að aukinni þekkingu á sjúkdómnum eyðni (alnæmi) meðal vinnandi stétta í landinu.
2. Að hvetja einstaklinga til ábyrgðar varðandi fyrirbyggingu sjúkdómsins til þess að:
 - koma í veg fyrir smit og
 - hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Haft hefur verið samráð við helstu samtök launþega (B.S.R.B., B.H.M. og A.S.Í.) og vinnuveitenda (V.S.Í.

og V.M.S.) um skipulagningu.

Úti á landsbyggðinni verður fræðslan í höndum heilsugæslustöðva. Á Stór-Reykjavíkursvæðinu sjá hjúkrunarfræðinemar á 4. ári í Námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands um framkvæmd fræðslunnar. Hún er hluti af kennsluþjálfun nema í heilbrigðisfræði. Fræðslan ásamt umræðum er áætlað að taki um 30 mín og fer oftast fram í kaffi- eða matartíma.

Haft hefur verið samband við u.þ.b. 60 vinnustaði í Reykjavík, sem hafa um 50 einstaklinga eða fleiri í vinnu. Má þar nefna banka, verslanir, hótél, verksmiðjur, Póst og Síma o.fl.



Skulptúrsýning Hansínu Jensdóttur að Kjarvalsstöðum 14.—29. mars 1987. Hún er gullsmiður að mennt og starfar hjá Jens Guðjónssyni gullsmið. Stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og við Myndlistaskólann í Reykjavík. Var einnig 2 ár í skulptúrdeild SAIT, í Calgary, Kanada. Hefur tekið þátt í fjölda samsýninga.



PÓST- OG
SÍMAMÁLASTOFNUNIN

óskar að ráða fólk til bréfberastarfa hálfan daginn í Reykjavík.

Upplýsingar hjá póstmeistara og hjá útibússtjórum pósthúsanna.

Störf námsbrautarstjóra við námsbrautir í hjúkrunarfræði og iðnrekstrarfræði á Akureyri.

Umsóknarfrestur um störf námsbrautarstjóra við námsbrautir í hjúkrunarfræði og iðnrekstrarfræði á Akureyri er framlengdur til 15. apríl 1987. Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um námsferil og störf skulu sendar menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið,
16. mars 1987

Laus staða

Tímabundin lektorsstaða í tölvunarfræði við stærðfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands er laus til umsóknar. Lektornum er einkum ætlað að starfa að fræðilegum þáttum tölvunarfræði, t.d. á sviði forritunarmála, kerfisforritunar, tölvuteikningar og þekkingarkerfa.

Heimilt er að ráða í þessa stöðu til allt að þriggja ára.

Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

Umsóknir ásamt rækilegri skýrslu um vísindastörf umsækjenda, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil og störf, skulu sendar menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, fyrir 10. maí n.k.

Menntamálaráðuneytið,
17. mars 1987.

Stéttarfélag Íslenskra félagsráðgjafa

Aðalfundur verður haldinn laugardaginn 4. apríl kl. 13.30 að Lágmúla 7.

Stjórnin.

Laus staða

Tímabundin lektorsstaða í örverufræði við líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands er laus til umsóknar. Lektornum er ætlað að stunda rannsóknir og kennslu á sviði bakteríufræði.

Heimilt er að ráða í þessa stöðu til allt að þriggja ára.

Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

Umsóknir ásamt rækilegri skýrslu um vísindastörf umsækjenda, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil og störf, skulu sendar menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, fyrir 10. maí n.k.

Menntamálaráðuneytið,
17. mars 1987.

KOSNINGAMIÐSTÖÐ!

Höfum opnað skrifstofu að Austurvegi 24, Selfossi. Sunnlendingar lítið við og ræðið málin. Hittumst á laugardaginn 21. mars í spjall og fáum okkur kaffi og meðlæti. Opið á laugardögum frá kl. 14.00—19.00. Á virkum dögum frá kl. 17.00—22.00. Sími 1055.



ALPÝÐUFLOKKURINN SUÐURLANDI.

HORNID

Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 2560

Á LEIÐINI HEIM

Mjólkurvörur

Brauð
Álegg
Kjöt vörur
Fiskur

LOTTO 5/32
Sölu-kassinn Horninu



Sælgæti
Saltstengur
Snakk
Ídýfur
Gosdrykkir
Klaki í
drykkina

HORNID

Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 2560